



Akraneskaupstaður

**1418. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 9. september 2025 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2508144 - Ebbi AK 37 - skipaskrárnúmer 2737 - forkaupsréttur

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 28. ágúst 2025 að falla frá forkaupsrétti sveitarfélagsins á kaupum á fiskiskipinu Ebbi AK 37, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

2. 2508116 - Viðauki vegna kaupa á uppþvottavél í eldhús Höfða

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 1 hjá Höfða við fjárhagsáætlun ársins 2025 á fundi sínum þann 28. ágúst 2025 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Viðaukinn er tilkomin vegna nauðsynlegra kaupa á uppþvottavél í eldhús heimilisins.

Hjá Akraneskaupstað er þetta viðauki nr. 10 við fjárhagsáætlun ársins.

3. 2508118 - Viðauki 2 árið 2025 - vegna leiðréttingar á greiðslum í sjúkrasjóð VLFA.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 2 hjá Höfða vegna fjárhagsáætlunar ársins 2025 á fundi sínum þann 28. ágúst 2025 og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Viðaukinn er tilkomin vegna nauðsynlegrar leiðréttinga á kjarasamningsbundnum greiðslum vegna starfsfólks Verkalýðsfélags Akraness hjá heimilinu í sjúkrasjóð félagsins.

Hjá Akraneskaupstað er þetta viðauki nr. 11 við fjárhagsáætlun ársins.

4. 2508045 - Breyting á aðalskipulagi vegna Innnesvegur 1 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Breyting á Aðalskiplagi Akraness 2021 - 2033 breyting felst í að sérákvæði eru sett fyrir reit VP-212 sem gefa heimild fyrir starfsemi bílapvottastöð umfram núverandi ákvæði um verslun og þjónustu. Aðalskipulagsbreyting var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. febrúar til 25. mars 2025.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagða greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar við þeim athugasemdum sem bárust við breyting á aðalskipulagi

Akraness. Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt ásamt greinargerð skipulagsfulltrúa sem svör við þeim athugasemdum sem bárust.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir framlagða greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar við þeim athugasemdum sem bárust við breytingu á aðalskipulagi. Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin á aðalskipulagi verði samþykkt.

5. 2308168 - Deiliskipulag Flatarhverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting - umsókn til skipulagsfulltrúa

Breyting á lóð Innnesvegur 1, felst í að heimilt verði að reka bílapvottastöð í núverandi húsnæði á lóð. Breytingin á deiliskipulagi Flatarhverfis klasa 5 og 6 vegna Innnesvegar 1 var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. febrúar 2025 til 23. mars 2025.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir framlagða greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið. Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt.

6. 2506173 - Breyting á deiliskipulag sementsreit - Suðurgata 106

Breyting á deiliskipulagi sementsreits, í breytingunni felst að heimilt verði að hafa 6 íbúðir í stað 4 íbúða, nýtingarhlutfall verður 0,74 en var 0,65, byggingarreitur stækkar suður, stærð byggingarreits verður 264 fm en var 237 fm.

Grenndarkynnt var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012, fyrir Suðurgötu 98, 99, 103 og 107. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði kynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. 2502179 - Deiliskipulag Æðarodda - Æðaroddi 33 minnkun lóðar- umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn til skipulagsfulltrúa um breytingu á deiliskipulagi Æðarodda. Sótt er um minnkun lóðar á Æðarodda 33 vegna legu reiðstígs.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði kynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. 2504059 - Sólmundarhöfði 7 breyting á deiliskipulag Sólmundarhöfða - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um að heimilt verði að setja fjarskiptamastur á lyftustokk hússins Sólmundarhöfða 7. Óskað er eftir að koma fyrir farsímaloftneti 3,2m ofan á núverandi lyftustokk. Annað er óbreytt. Grenndarkynnt var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012, frá 14. júlí 2025 til 18. ágúst 2025, fyrir Bjarkargrund 20,22,24,26,28,30 og Furugrund 18,20,22,24,26 og 28 og Höfðabrund 14b,14c og Sólmundarhöfða 5.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að breytingin verði samþykkt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

9. 2302122 - Álmskógar 17 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um breytingu á skipulagi Skógarhverfis 1. áfanga. Í breytingunni felst að byggður verði sólskáli áfastur við vesturhlið Álmskóga 17 að lóðarmörkum Álmskóga 15. Byggingarreitur stækkar um 22fm, nýtingarhlutfall er óbreytt. Grenndarkynnt var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 18. júní 2025 til 23. júlí 2025, fyrir lóðarhöfum Álmskóga 15, 16, 18, 19, 20 og Eikarskóga 8 og 10.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að breytingin verði samþykkt skv. 2.mgr. 43.gr.

skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

10. 2501002 - Fundargerðir 2025 - bæjarráð

3601. fundargerð bæjarráðs frá 28. ágúst 2025.

13. 2501005 - Fundargerðir 2025 - skipulags- og umhverfisráð

328. fundargerð skipulags- og umhverfis frá 16. júní 2025.

332. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 1. september 2025.

Fundargerðir til kynningar

11. 2501003 - Fundargerðir 2025 - velferðar- og mannréttindaráð

250. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 2. september 2025.

12. 2501004 - Fundargerðir 2025 - skóla- og frístundaráð

268. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 3. september 2025.

14. 2501028 - Fundargerðir 2025 - Orkuveita Reykjavíkur

365. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 26. maí 2025.

15. 2501029 - Fundargerðir 2025 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

983. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. ágúst 2025.

09.09.2025

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.